

Kennsluáætlun skólaárið 2021 - 2022

## Íslenska í 5. bekk

Í íslensku eru 7 kennslustundir á viku í 5. bekk. Kennarar eru Sigurveig Sædís Jóhannesdóttir og Ólöf Linda Sigurðardóttir.

### Vinnulag

Í kennslustundum í íslensku er lögð áhersla á málnotkun í víðu samhengi. Nemendur þjálfa upp hæfni í máli, lestri, lesskilningi, ritun, hlustun, og framsögn. Notast verður við kennslubækur, texta af neti auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til. Allar kennslustundir hefjast á yndislestri þar sem nemandi les fyrir sjálfan sig í hljóði og svo fyrir starfsmann upphátt.

Nemendur vinna ýmist einir í paravinnu eða í stærri hópum.

### Vinnuáætlun

| Viðfangsefni         | Námsefni                | Hæfniviðmið – notuð við námsmat   | Afurð / Námsmat |
|----------------------|-------------------------|---|-----------------|
| Talað mál og hlustun | Ýmis gögn framhaldssaga | <b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tjáð sig skýrt og áheyrilega með góðum framburði.</li> <li>• Unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum.</li> <li>• Komið fram við aðra af virðingu og kurteisni.</li> <li>• hlustað með athygli á upplestur, frásagnir og fyrirmæli og unnið úr þeim upplýsingum sem þar koma fram</li> </ul> |                 |

|                                   |  |   |  |
|-----------------------------------|--|---|--|
| <b>Lestur, bókmenntir og ljóð</b> | Smellur<br>Bækur af bókasafni<br>Ýmsir textar<br>Orð og setningar<br>Ljóðsprotar<br>Ljóðspor | <b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi.</li> <li>• Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.</li> <li>• Lesið gamlar og nýjar bókmenntir sem ætlaðar eru börnum.</li> <li>• Valið sér lesefni til gagns og ánægju.</li> <li>• Beitt hugtökum eins og persóna ,söguþráður, umhverfi og boðskapur.</li> <li>• Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rími og ljóðlínu.</li> </ul> |  |
| <b>Ritun/stafsetning</b>          | Ýmis gögn  | <b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifað skýrt og læsilega.</li> <li>• Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun.</li> <li>• Tamið sér vönduð og skipulögð vinnubrögð við uppsetningu og frágang texta.</li> </ul>   |  |
| <b>Málfræði</b>                   | Orð og setningar<br>Málrækt  | <b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, nafnorð og lýsingarorð.</li> <li>• Beitt þekkingu sinni á málfræði til að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar.</li> <li>• Beitt einföldum atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar</li> <li>• Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.</li> </ul>  |  |

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á [mentor.is](http://mentor.is), bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

## Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Sigurveig Sædís og Ólöf Linda.